


GERSTEIN SPILAR BRAHMS

Louis Langrée, hljómsveitarstjóri
Kirill Gerstein, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid

Tónleikar í Háskólabíói 17. febrúar 2011 kl. 19.30

Louis Langrée, hljómsveitarstjóri
Kirill Gerstein, einleikari

GERSTEIN SPILAR BRAHMS

Johannes Brahms

Píanókoncert nr. 2 í B-dúr op. 83 (1878–81)

Allegro non troppo

Allegro appassionato

Andante

Allegretto grazioso

Hlé

Robert Schumann


Sinfónía nr. 4 í d-moll, op. 120 (1841/1851)

Ziemlich langsam – Lebhaft –

Romanze. Ziemlich langsam –

Scherzo. Lebhaft –

Langsam – Lebhaft



Franski hljómsveitarstjórinn Louis Langrée nam við Tónlistarháskólann í Strasbourg, og starfaði um árabíl við óperuhúsið í Lyon, og hátíðirnar í Aix-en-Provence og Bayreuth. Hann var aðalstjórnnandi Þjóðaróperunnar í Lyon frá 1998–2000, Glyndebourne Touring Opera frá 1998–2003, og Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Liège 2001–2006. Hann hefur komið fram sem gestastjórnnandi m.a. með Vínarfilharmóníunni, Fílharmóníuhljómsveit Lundúna, og við óperuhúsin í Covent Garden, La Scala, og Bastillu-óperuna í París, auk þess sem hann hefur stjórnað tónleikum á Proms-hátíðinni í Lundúnum og Mozart-vikunni í Salzburg.

Langrée hefur verið listrænn stjórnnandi Mostly Mozart-hátíðarinnar í New York frá árinu 2002 auk þess sem hann stýrir

hljómsveitum víða um heim. Íslenskir tónlistarunnendur hafa átt þess kost að sjá hann stjórna óperum í útsendingum Metropolitan-óperunnar þar sem hann er fastagestur og þykir ná einstöku sambandi við þá framúrskarandi hljómsveit. Þá hefur hann hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, m.a. verðlaun Royal Philharmonic Society ásamt Sir Simon Rattle árið 2001 fyrir besta óperuflutning á árinu. Þá hafa hljóðritanir hans unnið til MIDEM-, Diapason d'Or- og Gramophone-verðlauna. Hann var sæmdur nafnbótinni Chevalier des Arts et des Lettres árið 2006.



Gerstein er fæddur í Voronezh í Rússlandi árið 1979. Hann hóf ungur tónlistarnám og lærði að leika djass eftir hljómplötum í safni foreldra sinna. Hann hélt til Bandaríkjanna 14 ára gamall til að læra djasspíanóleik við Berklee-tónlistarháskólann í Boston og var yngsti nemandinn sem hafði innritast við þann skóla. Að loknu sumarnámskeiði í Tanglewood söðlaði hann um og hefur síðan einbeitt sér að klassíkinni; hann lærði við Manhattan School of Music og síðar í einkatímum hjá Dmitri Bashkirov í Madrid og Ferenc Rados í Búdapest. Hann hlaut fyrstu verðlaun í Rubinstein-píanókeppninni í Tel Aviv árið 2001, og debúteraði í Carnegie Hall árið 2006.

Árið 2010 hlaut Gerstein Gilmore-verðlaunin, sem nema um 40 milljónum

króna og hafa mikla sérstöðu í klassíska tónlistarheiminum. Hvorki er um að ræða einleikskeppni né umsóknarferli, heldur ferðast leynileg dómnefnd um heiminn og velur listamann sem þykir hafa „einstaka tónlistargáfu og útgeislun“. Meðal fyrri verðlaunahafa eru Leif Ove Andsnes og Piotr Anderszewski.

Gerstein þykir einn fremsti Brahms-túlkandi yngri kynslóðarinnar og hefur m.a. komið fram með stjórnendum á borð við Charles Dutoit og Gustavo Dudamel, og hljómsveitum á borð við Sinfóníuhljómsveitirnar í Birmingham, Chicago, Konunglegu filharmóníuhljómsveitinni, Tonhalle-hljómsveitinni í Zürich og Staatskapelle Dresden. Hann debúteraði á Salzburgerháttíðinni árið 2008 þar sem hann lék á tvö píanó með Andrásí Schiff. Gerstein er bandarískur ríkisborgari en gegnir einnig stöðu prófessors í píanóleik við Tónlistarháskólann í Stuttgart.



Johannes Brahms (1833–1897) varði sumrinu 1881 í Pressbaum og lagði þar lokahönd á verk sem hann hafði unnið að með hléum í fjögur ár: píanókonsert, þann síðari af tveimur sem hann samdi fyrir eigið hljóðfæri. Þá var liðinn nærri aldarfjórðungur frá hinum fyrri, sem hlaut hroðalegar viðtökur á sínum tíma og fældi Brahms frá konsertforminu um langa hríð. „Númer tvö hljómar allt öðruvísi,“ skrifaði hann vongóður til Josephs Joachim. Annars átti tónskáldið það til að villa um fyrir vinum sínum sem spurðust forvitnir fyrir um hvernig tónsmíðavinnunni vatt fram. Elísabet von Herzogenberg hafði áður fengið misvísandi fregnir af annarri símfóníunni, og nú tjáði Brahms henni að hann hefði samið „þínu-pínulítinn píanókonsert með örlitlu smáscherzói.“

Hermann Billroth fékk nóturnar að „nokkrum smástykkjum fyrir píanó“ með bréfi.

Lýsingarnar gætu tæpast verið fjær sanni, því að síðari píanókonsertinn er eitt stærsta og kröfuharðasta verk tónskáldsins. Hann tekur um 50 mínútur í flutningi og er því enn lengri en sá fyrsti, sem þó hafði slegið öll tímamet. Þá er seinni píanókonsert Brahms jafnvel enn „símfónískari“ að allri gerð, með fjórum þáttum í stað þriggja eins og venja er þegar konsertar eiga í hlut. Raunar varð aukabátturinn, scherzóið, kveikjan að öllu saman. Þegar Brahms samdi fiðlukonsert sinn handa Joachim árið 1878 lagði hann drög að scherzókafli á d-moll, en hætti við og notaði í píanókonsertinn þess í stað.

Píanókonsertinn nr. 2 er verk mikilla andstæðna. Tónlistin er mikilfengleg og stór í sniðum, og gerir gríðarlegar tækni- og úthaldskröfur til einleikarans. Þó er konsertinn á heildina lítið ekki eins dramatískur eins og sá fyrsti, heldur einkennist hann af ljóðrænni yfirvegum. Þrátt fyrir risavaxið konsertformið hefur Malcolm Macdonald, sem ritaði prýðilega ævisögu tónskáldsins, lýst verkinu sem hálfgerðri „Überkammermusik“ – enda gerist það nokkrum sinnum að píanóið líkt og dregur sig í hlé sem einleikshljóðfæri til að spila kammermúsík með einleikurum hljómsveitarinnar. Píanistinn þarf að hafa öll skapbrigði á valdi sínu, frá hnausþykkum hljómunum og hröðum tónarunum sólistans yfir í fingerðan áslátt hins hógværa meðleikara.

Fyrsti þáttur hefst á ljóðrænum horneinleik, sem píanistinn svarar í lok hverrar

Frank Glazer lék píanókonsert nr. 2 eftir Brahms með SÍ í febrúar 1959, undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Síðan hafa m.a. leikið konsertinn með hljómsveitinni þeir Alexander Jenner (1964), Jörg Demus (1967), Mischa Dichter (1973) og Philippe Bianconi (2001). Helga Bryndís Magnúsdóttir lék konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á Akureyri og í Reykjavík vorið 2000.

hendingar með bergmáli sem spannar allt nótnaborðið. Stefinu er svo fram haldið í blásurum og strengjum, þar til píanistinn grípur skyndilega inn í með dramatískri og hljómmikilli kadensu. Hið eiginlega fyrra aðalstef kaflans heyrir svo leikið af hljómsveitinni allri og reynist vera hálfgerð marsaútgáfa hornstefsins fagra. Það vikur síðan fyrir blíðri fiðluhendingu í d-moll, og þá enn nýju stafi með punkteruðum rytum. Í framhaldinu skiptast á skin og skúrir. Stundum er friðsæl bjartsýni upphafstaktanna allsráðandi, en af og til dregur ský fyrir sólu og sumir taktarnir hljóma líkt og ógnvænlegir fyrirboðar.

Hugmyndin að scherzokaflanum í d-moll fæddist í tengslum við fiðlukonsertinn, enda hægur vandi að heyra óminn af tvígrípum Joachims í kröftugum einleikspartinum. D-moll var ævinlega dramatísk og jafnvel harmræn tónegund í huga Brahms. Ytri hlutarnir falla svo sannarlega að þeirri lýsingu, en í tríókaflanum um miðbikið er skipt yfir í glaðværan D-dúr.

Héðan í frá kveður við annan og einkalegri tón í verkinu. Trompetar og pákur hafa klárað sinn hlut og nú er leikið á viðkvæmari strengi. Þriðji þáttur hefst á langri sellóhendingu, sem smám saman rennur saman við umhverfi sitt líkt og óbóhendingin fræga í fiðlukonsertinum. Skríbentar hafa getið sér þess til að það hafi verið endurminningin um viðamikíð sellósóló í píanókonserti Clöru Schumann frá 1835 sem kveikti sömu hugdettu hjá Brahms áratugum síðar. Píanóið spinnur í kringum sellóstefið og hugleiðir innihald þess með margs konar víravirki. Tóntegundin er B-dúr, en Brahms fer út um víðan völl hvað tóntegundir varðar. Einn töfrastaðurinn í kaflanum er þegar sellósólóið kemur aftur í glitrandi björtum Fís-dúr áður en það vindur sér á réttan stað. Hér eru líka undraverðir taktar þar sem píanó og tvær klarínettur gleyma sér um stund í kammerspili; hér er spilað með hjartanu og í nótunum eru leiðbeiningar eins og „pianississimo“, „dolcissimo“ og „molto espressivo“ á hverju strái.

Lokaþátturinn er fjörugt og kraftmikið rondó. Brahms hafði gaman af að bregða fyrir sig sígaunastíl á endaspretti stórra tónverka og er seinni píanókonsertinn engin undantekning. Hér má heyra ávæning bæði af ungverskum dönsum og ástarvölsum, en í kröfuhörðum virtúósabúningi eins og vera ber.



Robert Schumann (1810–1856) hefur mátt þola harðari gagnrýni fyrir hljómsveitarverk sín en margir aðrir tónsmíðameistarar 19. aldarinnar. Tónlistarfræðingurinn Gerald Abraham sagði í viðlesinni grein um Schumann í Grove-tónlistarbókinni árið 1980 að sinfóniur hans væru ekki annað en „útblásin píanómúsík“. Hljóm-sveitarútsetning Schumanns hefur mátt þola marga pilluna gegnum tíðina, ekki síst jafnvægið – eða meintur skortur þar á – milli blásara og strengja. Á sinni tíð skorti þó ekki hvatninguna frá þeim sem voru honum nánastir. Felix Mendelssohn stjórnaði frumflutningi á fjölda verka hans, og árið 1839 ritaði Clara Wieck, sem gekk að eiga Schumann ári síðar, eftirfarandi í dagbók sína: „Róbert ætti að semja meira fyrir hljómsveit. Píanóið eitt og sér rúmar

ekki hið mikla ímyndunarafl hans.“

Schumann reyndi fyrst við sinfóníusmíði 1832–33 með sinfóníu í g-moll sem hann lauk raunar ekki við, en fyrstu tveir þættirnir heyrast þó af og til og hafa hlotið viðurnefnið „Zwickau-sinfónían.“ Árið 1840 fékk Robert loks að eiga sína heittelskuðu Clöru, og í kjölfarið fylgdi nokkurra ára tímabil þar sem hann einbeitti sér að ákveðinni tegund verka hvert ár. Árið 1840 var helgað sönglagagerð, 1841 sinfóníum og 1842 kammertónlist. Meðal þess sem hann festi á blað sinfóníuárið 1841 var Sinfónía nr. 1 (*Vorsinfónían*) op. 38 og sinfónían í d-moll sem hér verður flutt. Síðarnefnda verkið var fest á blað milli 29. maí og 9. september 1841 og frumflutt af Gewandhaus-hljómsveitinni 6. desember sama ár undir heitinu Sinfónía nr. 2.

Schumann hafði einnig efasemdir um ágæti nýju hljómkviðunnar, ekki síst eftir frumflutninginn þar sem hún hlaut dræmar viðtökur samanborið við *Vorsinfóníuna* sjö mánuðum fyrr. Þar hafði Felix Mendelssohn haldið um tónsprotann en nú var hljómsveitarstjórnin í höndum fiðluleikarans Ferdinands David, sem þótti ekki farast það sérlega vel úr hendi. Það spillti sömuleiðis fyrir að á sömu tónleikum léku Franz Liszt og Clara Schumann saman *Hexameron*-tilbrigðin svokölluðu fyrir tvö píanó – sex tilbrigði eftir jafnmörg tónskáld um stef úr óperunni *I puritani* eftir Bellini – og stálu senunni svo um munaði. Robert stakk sinfóníunni ofan í skúffu og tíu ár liðu þar

Þetta er í ellefta sinn sem SÍ flytur 4. sínfóníu Schumanns. Hún var áður m.a. leikin undir stjórn Róberts A. Ottóssonar (1955), Václavs Smetáček (1960), Jean-Pierre Jacquillat (1972 og aftur áratug síðar), Moshe Atzmon (1989), Antoni Wit (1997) og Kurt Kopecky (2007).

til hann tók upp þráðinn á ný. Eftir rækilega endurskoðun var sínfónían frumflutt í nýrri gerð í Düsseldorf árið 1853. Í millitiðinni hafði Schumann samið og gefið út tvær sínfóníur til viðbótar, og því var d-moll sínfónían orðin sú fjórða í röðinni þegar hún loks komst á prent.

Með *Vorsinfóníunni* hafði Schumann náð tökum á hinu stóra sínfóníska formi, og með þeirri í d-moll gekk hann skrefi lengra en áður hvað varðar frumleika og frelsi í meðhöndlun þess. Það hvernig hægt var að ná meira samhengi og framvindu milli kafla en tíðkaðist í hinu klassíska fjórþátta formi var tónskáldum 19. aldar einkar hugleikið. Eitt af uppáhaldsverkum Schumanns var *Wanderer-fantasía* Schuberts, þar sem fjórir þættir renna saman í einn á sérstæðan hátt, líkt og síðar í h-moll sönötu Franz Liszt. Sama er uppi á teningnum í d-moll sínfóníunni. Þegar grannt er skoðað er stefjaefni verksins skorið við nögl, en þeim mun merkilegra er hversu fjölbreytt sjónarhorn við fáum á stefin eftir því sem sínfóníunni vindur fram.

Fyrsti þátturinn hefst með hæfum og dulúðlegum inngangi sem smám saman leiðir inn í kraftmikinn aðalkafla. Tónlistin er dökk og jafnvel ofsafengin, en hvað formbyggingu snertir fer Schumann eftir bókinni til að byrja með; hér hljóma þrjú aðalstef og tengingar á milli þeirra eru allar eins og vera ber. En skyndilega hljómar í básúnum og strengjum þrumandi tónn sem á alls ekki heima í þessu samhengi, og tónlistin gerist enn dramatískari en áður. Í stað þess að leiða okkur aftur heim á leið og endurtaka gamalkunnug stef eins og reglurnar segja til um, kynnir Schumann til sögunnar nýjar hendingar sem eru bjartari og glaðlegri en þær fyrri, og kærir sig kollóttan þótt eldri stefin hljómi ekki aftur um hrið.

Rómansan sem tekur við er ljúfur og rólegur þáttur þar sem skiptast á dúett óbós og sellós annars vegar og yndisblitt fiðlusóló hins vegar, sem er í raun eins konar úrvinnsla á hæga inngangi fyrsta þáttar. Scherzópátturinn er enn ein umbreyting á inngangstónlistinni. Yfirleitt láta tónskáld sér nægja þrískipt form í slíkum kafla (Scherzo – Trio – Scherzo), en Schumann bætir um betur og kynnir tríóið til sögunnar einu sinni enn. Maður skyldi þó varast að ætla að sjá of langt fram í tímann í þessari tónlist; allt í einu er eins og tónlistin hreinlega gufi upp, og síðasti kaflinn tekur við. Þar ríkir gleði og fjör, og þótt óvæntir og ógnandi tónar eins og sá örlagaríki í fyrsta þættinum snúi aftur sér Schumann til þess að allt fer vel að lokum.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 17. FEBRÚAR 2011

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Júliana Elín Kjartansdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Mark Reedman
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hlíf Sigurjónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Helga Steinunn Torfadóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Pálína Árnadóttir

Víóla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marínósdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Lovisa Fjeldsted

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarinett

Rúnar Óskarsson
Sigurður I. Snorrason

Fagott

Brjánn Ingason
Hafsteinn Guðmundsson

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jónsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Jóhann Nardeau

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, bassabásúna

Pákur

Eggert Pálsson

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓÐ / HLJÓÐ / MYND

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
– Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfónúhljómsveitar Íslands

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is